

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 1999

16. júní 1999

1165

Nr. 412

AUGLÝSING

**um deiliskipulag íbúðar- og hesthúsabyggðar við Einbúa
og frístundabyggðir í landi Böðmódsstaða I í Laugardalshreppi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 4. maí 1999 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Böðmódsstaða I. Einnig samþykkti hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 25. maí 1999, deiliskipulag íbúðar- og hesthúsabyggðar við Einbúa í Laugardalshreppi.

Greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. júní 1999.

Guðmundur Rafnar Valtýsson oddviti.

11. júní 1999

Nr. 413

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um búfjársæðingar
og flutning fósturvísa, nr. 561/1994.**

1. gr.

Skilyrði 4. málgr. 11. gr. um að sæðingarhryssur skuli blóðflokkaðar gildir ekki frá 11. júní 1999 til 1. september 2001.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. júní 1999.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

18. júní 1999

Nr. 414

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. B-hluti.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar er taki gildi 1. júlí 1999.

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, B-hluti, nr. 141, 23. febrúar 1998 breytist þannig: Allir gjaldskrárliðir hækka um 3% frá og með 1. júlí 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 415

18. júní 1999

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi 1. júlí 1999.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583, 13. október 1997 með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 3% frá og með 1. júlí 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 416

18. júní 1999

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. Raforka.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti:		Grunn- verð	Verð með VSK	
A-1	Almenn notkun, heimili, verslun, iðnaður og öll notkun sem ekki er getið um annars staðar	6,97	8,68	kr/kWh
	Fast gjald kr/ár	2.000,00	2.490,00	kr/ár
A-2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW)	22.438,00	28.935,00	árs kW
C-1	Orka til mannvirkjagerðar	6,97	8,68	kr/kWh
	Fast gjald kr/ár	12.000,00	14.940,00	kr/ár
C-2	Orka samkv. 15 mín. meðalafsmælingu	2,44	3,04	kr/kWh
	+ aflagjald (lágmark 20 kW)	9.169,00	11.415,00	árs kW
	Mælaleiga samkv. kafla II.			

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá viðskiptavinum, ef fasvixsstuðull er að meðaltali lægri en 0,9 í tilteknum mánuði. Ef stuðullinn er lægri en 0,9 er rafveitunni heimilt að innheimta 2% viðbótargjald fyrir hvern hundraðshluta sem fasvixsstuðullinn er lægri en 0,9.